

Greinagerð

Vestnorden er samstarfsverkefni á milli Íslands, Grænlands og Færeyja í formi ferðakaupstefnu sem haldin er á hverju ári. Annað hvert ár á Íslandi og svo skiptast Færeyjar og Grænland á hin árin að bjóða heim. Aðal áhersla kaupstefnunnar er því á þessi þrjú lönd. Gert er ráð fyrir um það bil 600 til 700 manns á viðburðinn. Kaupstefnan er með business-to-business formi, fyrir bæði seljendur og kaupendur og eru fyrirtæki og þátttakendur bæði erlendir og íslenskir. Viðburðurinn er ekki opin almenningi.

Markmiðið með ferðakaupstefnunni er að mynda tengsl við lykilaðila í ferðaþjónustu þessara þriggja áfangastaða, sem nær þannig til fjölda kaupenda sem sækja sýninguna heim á hverju ári. Með þessum sterku tengslum er hægt að bjóða uppá einstaka innsýn og faglega kynningu á þeim vörum, þjónustu og náttúru sem hjá okkur er að finna hvort sem leitað er af náttúrulegri, menningarlegri eða ævintýra upplifun í formi ferða eða hreinni ferðaupplifun.

Mikilvægi viðburðarins er ótvíræður fyrir bæði svæði og ferðaþjóna þar sem á þessum vettvangi myndast dýrmætt tengslanet ferðaþjóna sem skila sér í viðskiptasamböndum. Virkt samtal við ferðaþjóna á svæðinu og ekki síst í Reykjaneshöll er því mikilvægt og undirbúningur sé þannig á þeirra höndum líka. Mikilvægt er að koma á samtali um hvernig við tökum á móti þessum sértæka markhóp, hvernig komum við fram, kynnum vörur og þjónustu og hvernig fylgjum við því eftir.

Þessum þáttum verður meðal annars fylgt eftir með fundarröð og vinnustofu þar sem spurningum varðandi svona viðburð verður svarað og vettvangur til samstarfs skapaður fyrir samtal og samstarf. Þann 27. okt. 2019 var haldinn spjallfundur þar sem aðili frá Íslandsstofu ásamt markaðsstjóra Grey Line fóru yfir ferðasýningar og vinnustofur, farið yfir helstu sýningar bæði innan lands og utan, rætt um undirbúning og eftirfylgni, farið yfir spurningar eins og „á mitt fyrirtæki erindi? Erum við tilbúin?“

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum munu svo standa fyrir fundi um gæðamál, fræðslu og þjónustu og fræðsluleiðir fyrir fyrirtæki á svæðinu þann 5. mars 2020. Markmiðið er að fyrirtæki geti styrkt sig og sína þjónustu, geti metið hvar þau standa og nýtt sér þær leiðir sem í boði eru til að bæta þar sem þarf. Verið fær um að taka faglega á móti seljendum, kynna sínar vörur og þjónustu á réttum forsendum og standa saman í faglegri þróun á þjónustu og vörum á svæðinu.

Í framhaldinu verður svo haldin vinnustofa þar sem fyrirtækjum gefst kostur á að koma saman og þróa vöru í formi þjónustu eða ferða í samstarfi við aðra. Þessi vinnustofa er hugsuð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem oft eiga erfitt með að ná til stærri aðila eða taka þátt í verkefnum eins og Vestnorden en með samtaka krafti er hægt að vinna saman að settu marki og mynda þannig slagkraft inn á svæðið.

Vestnorden verður haldið í Reykjaneshöll dagana 6.-7. október nk. Dagskráin er í grófum dráttum þannig að fyrir Vestnorden verður boðið uppá svokallaðar pre-tours sem kaupendur geta keypt sig í og eru stuttar (24-36 tíma) ferðir til annað hvort Færeyja eða Grænlands þar sem er haldin örkyrning á svæði og ferðaþjónustu.

Flestir gestir mæta á svæðið þann 5. okt. og sýningin er formlega sett að morgni 6. okt. með kynningum frá öllum löndunum þrem sem standa að sýningunni. Síðan hefst fundarhald, fundir eru bókaðir fyrir sýninguna og því eru allir komnir með fundardagskrá fyrir sýninguna.

Fyrri dagurinn skiptist í formlega opnun, fundi og svo stuttar ferðir um svæðið, þar fá ferðapjónar tækifæri til að taka á móti gestum af sýningunni og kynna sig og sína þjónustu í örkynningu. Þessar ferðir eru alfarið á vegum ferðapjónanna sjálfra og því mikilvægt að vera vel undir þær búin. Að kvöldi þess 6. okt. er haldið svo kallað get-to-gether sem er óformleg samkoma og tækifæri til þess að færa sig úr fundargírnum og yfir í léttara spjall og efla tengslanetið.

Þann 7. okt. er svo fundarröð haldið áfram allan daginn og í lok dags er endað í fordrykk í Duus Safnahúsum og lokakvöldverði í íþróttahúsinu í Garði þar sem sýningunni er formlega slitið.

Verkefni verkefnastjóra fellst í því að vera tengiliður við Íslandsstofu og Senu sem sér um útfærslur og uppsetningu á sýningu. Í góðu samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness höldum við utan um lista yfir gististaði sem m.a. verða að svara ákveðnum forsendum og ákveðnum fjölda af slíkum herbergjum. Bærinn þarf að geta boðið uppá húsnaði sem svarar þörfum viðburðarins og þeim stöðlum sem settir eru. Einnig þurfa að vera veitingastaðir sem geta tekið að lágmarki 50-60 manns í sæti í einu í tveggja rétta hádegisverð, þannig þurfum við að koma öllum 600+ gestum á sama tíma í hádegismat, tvo daga í röð. Mikill undirbúningur er líka í uppsetningu sýningarinnar og því mikil samskipti við bæði byrgja, forstöðumenn og arkitekt ásamt fleirum vegna þess. Auk þessa er utanumhald um ferðir sem ferðapjónar bjóða uppá og stuðningur við þá vinnu hjá okkur. Við munum líka koma með tillögur að gjöfum í gestapoka, útfærslur af ýmsu sem hægt væri að vinna í heimabyggð, t.d. voru hálsbönd fyrir merki hekluð úr ull í Færeyjum, og ýmislegt annað við framkvæmd sýningar þar sem Reykjanesbær og Reykjanesið geti sett sinn svip á sýninguna.

Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir
Verkefnastjóri ferðamála
Súlan verkefnastofa